

Fundargerð.

Fundur í umhverfisnefnd haldinn í fundarsal Þórshafnarhrepps 04.09.02 kl. 12:00

Mætt: Steinn Karlsson, Hrafngerður Elíasdóttir, Páll Jónasson, Friðrikka Eðvaldsdóttir, Henry Ásgrímsson ásamt Birni Ingimarssyni sveitarstjóra.

1. Mál: Erindisbréf, drög kynnt fyrir nefndarmönnum til skoðunar og óskað eftir álit, sem síðar yrði kynnt sveitarstjóra.

2. Mál: Umræður um gömul ónýt hús sem þyrfti að fjarlægja.

3. Mál: Sorphirða og förgun.

Sveitarstjóri kynnti stöðu mála, endurnýjun urðunarleyfis, væntanlegar breytingar á málaflokkun vegna aðildar Íslands að EES. Sorpbrennsla rædd, svo og endurvinnsla. Sveitarstjóri kynnti fund með Ingvari E. sem er innflytjandi á brennsluofnum. Almennar umræður um stækkun svæðis þar sem menn myndu hugsanlega koma upp einni brennslustöð, t.d. á og við Þórshöfn.

Umræður um kúfskel, Björn kynnti hugmyndir frá Hollustuvernd þar sem þeir töldu að betra væri að mylja skel áður en hún færi í geymslu. Lífrænt myndi brotna fyrir og auknar líkur á nýtingu hennar meiri. Umræður voru miklar um hugsanlegar leiðir í að halda vargfugli frá skelinni. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir við Magnús Helgason um að leita leiða við að setja mót-net yfir losunarstað skeljar.

Hrafngerður fór af fundi kl. 12:53

4. Mál: Umhverfisvernd - Hugmyndir.

Rætt um að fá Hrafngerði til að skoða með hvaða hætti væri hægt að virkja krakka í grunnskóla til að taka þátt í átaki í umhverfismálum. Almennar umræður um umhverfismál.

5. Mál: Skjólbeltagerð.

Björn kynnti hugmyndir Jóns Geirs um undirbúning svæðis norðan bæjarins. Jón ætlaði að senda kort af svæðinu og tillögur um þéttleika plantna.

6. Mál: Önnur mál.

Bíllaus dagur, 22.sept. kynning frá Staðardagskrá 21 spurning hvort og hvernig. Hrafngerði falið að vinna að málinu. Umræður um aðstöðu til þvotta á stórum bílum. Rætt um samstarf - samvinnu landbúnaðarnefndar og umhverfisnefndar um umhverfismál í sveitum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:40

Henry Ásgrímsson, ritari.

.